

Gott upplýsingastreymi til foreldra

Í Tjarnarskóla er mikil áhersla lögð á að foreldrar og skólinn vinni saman að góðri námsframvindu hvers nemanda og velferð hans. Við leggjum afar mikið upp úr góðu upplýsingastreymi í þeim tilgangi að foreldrar og nemendur séu vel upplýstir um skólastarfið, nám og samskipti og vellíðan hvers nemanda.

Tölvupóstar eru sendir um ýmislegt sem tengist skólalífinu. Við leggjum okkur fram um að veita upplýsingar um skólalífið, viðburði, hagnýtar upplýsingar, fræðslu og fleira í þeim dúr. Ritari og skólastjóri og umsjónarkennarar sjá að mestu um þessa upplýsingagjöf.

Dagbókin í Námfúsi er einnig notuð til þess að setja inn viðburði í skólalífinu og fleira sem vert er að minna nemendur og foreldra á, s.s. heimsóknir, félagslíf, viðburði, gestakomur, fyrirlestra og þess háttar.

Umsjónarkennarapóstar: Þeir eru að öllu jöfnu sendir einu sinni í viku. Í þeim fá foreldrar/forráðamenn sundurliðaðar upplýsingar um mætingu og ástundun nemandans. Upplýsingar af öllu mögulegu tagi, s.s. það sem er á döfinni í skólanum, það sem er hagnýtt að foreldrar fái vitnsekju um, nestismál, félagsmál og margt fleira má sjá í umræddum umsjónarkennarapóstum auk persónubundna upplýsinga s.s. líðan, hrós og fleira.

Heimasíðan okkar www.tjarnarskoli.is: Á henni eru settar inn fréttir af skólastarfinu, myndir og ýmsar hagnýtar upplýsingar.

„Tjarnarskólafréttir“ er fréttapóstur sem er sendur rafrænt stöku sinnum. Í honum eru frásagnir í máli og myndum af skólastarfinu. Skólastjórinn sér um þessa fréttaveitu.


